

Markaðsstofa Suðurlands ses.
Fjölheimum v/Tryggvagata
800 Selfoss

Reykjavík, 12. september 2019
UST201909-027/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir kvikmyndatöku - Skógræksfoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Markaðsstofu Suðurlands ses., dagsett 3. september 2019, um leyfi fyrir drónaflugi við Skógræksfoss.

Skógræksfoss er friðlýstur sem náttúrvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúrvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða kvikmyndatökum á vegum Markaðsstofa Suðurlands í samstarfi við Disney Press. Fljúga á 1-3 drónum við Skógræksfoss þann 17. september 2019 í um tvær klukkustundir yfir miðjan daginn. Starfsmenn sem koma að verkefninu eru 22. Ekki verður þörf á neinum tækjum eða uppsetningu tjaldbúða eingöngu verða drónar notaðir. Myndefnið verður eingöngu tekið upp af stígum og því engin þörf að fara út fyrir þá. Ná á víðskoti af fossinum, og nokkur skot þar sem flogið er upp og niður fossinn. Flugleið dróna fylgdi umsókn.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að valda hafa neikvæð áhrif á náttúrufar á svæðinu. Notkun dróna gæti truflað dýralíf og gesti svæðisins. Sé skilyrðum leyfis fyllt ætti trufun að vera minniháttar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Markaðsstofu Suðurlands ses., fyrir sitt leyfi fyrir dróna myndatöku við Skógræksfoss sbr. lýsinguna hér að ofan 17. september 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokað svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kvíkmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitsemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvíkmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólk og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógræksfoss.**
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfistofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvíkmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst



Hildur Hafbergssdóttir
sérfræðingur



René Biasone
sérfræðingur